

SKIMUN FYRIR FJÖLÓNÆMUM BAKTERÍUM

Í fyrstu mæðraskoðun skal meta þörf á skimun fyrir fjölonæmum bakteríum og mikilvægt er að endurmeta þörf fyrir skimun ef kona nýtir sér heilbrigðisþjónustu erlendis seinna á meðgöngunni eða ferðast til landa utan Evrópska efnahagssvæðisins (EES), Bandaríkjanna og Kanada.

MAT

Ef eftirfarandi spurningum er svarað játandi skal taka sýni fyrir MÓSA, BBL og VÓE:

- Hefur kona verið á erlendri heilbrigðisstofnun á síðustu sex mánuðum og dvalið þar meira en 24 tíma eða farið í blóðskilun?*
- Er kona flóttamaður eða hælisleitandi?

*Þetta á **ekki** við um stakar blóðprufur eða lyfjagjafir í æð/vöðva, þannig að konur sem einungis hafa farið í rútinublóðprufur í mæðraskoðun erlendis þurfa ekki MÓSA leit.

Ef eftirfarandi spurningum er svarað játandi er einungis þörf fyrir að taka sýni fyrir MÓSA:

- Hefur kona áður greinst með ónæmar bakteríur?
ATH! Ekki þörf á að skima aftur fyrir BBL og VÓE, ef viðkomandi hefur áður greinst með BBL og/eða VÓE, er hann alltaf beri. Við viss skilyrði er hægt að aflétta stöðu sem MÓSA beri.
- Hefur kona verið með kýli eða endurteknar húðsýkingar sl. 6 mánuði, sem voru meðhöndlaðar með sýklalyfjum?

Ef eftirfarandi spurningu er svarað játandi er einungis þörf fyrir að taka sýni fyrir BBL:

- Hefur kona ferðast á síðustu sex mánuðum utan EES, Bandaríkjanna og Kanada?

SÝNATAKA

Strok fyrir MÓSA er tekið frá:

- Nösum (einn pinni)
- Koki (einn pinni)
- Spöng (einn pinni)
- Sárum og exemblettum ef til staðar eru

Strok fyrir **BBL** og **VÓE** er tekið frá:

- Endaþarmi, saurmengað (nota skal einn ræktunarpinna fyrir hvora ræktun)

Notaðir eru ræktunarpinnar fyrir almenna ræktun sem vættir eru í sterilu saltvatni, einn pinni í hvert strok.

Á sýkingavarnadeild LSH fást frekari upplýsingar, s. 543 1414.

- **MÓSA** = meticillin ónæmur staphylococcus aureus.
- **BBL**= Breiðvirkir betalaktamasar (ESBL/AmpC/karbapenemasa myndandi bakteríur)
- **VÓE** = Vancomycin ónæmir enterokokkar

Ef skimun hefur ekki verið gerð hjá konu í áhættuhópi fyrir MÓSA, BBL eða VÓE þegar hún kemur inn í fæðingu eða innlögn, fer af stað mikið ferli einangrunar og vistarverur hennar (móttökuherbergi, fæðingarstofa, skurðstofa, sængurlegustofa) verða ónothæfar í nokkra daga.